

jarðarinnar Enni í Engihlíðarhreppi. Þessi eignarnámsheimild virðist ótvírætt miðuð við það, að Blönduóshreppi væri nauðsynlegt að eignast land það eða a. m. k. fá umráðarétt fyrir því landi, er eignarnámsheimildin nær til. Verður ekki af nefndum lögum séð, að máli skipti, hver sé eigandi landsins, þegar eignarnámið fer fram, enda hefði slíkt getað gert löginn óvirk með öllu, ef eigendaskipti á landinu hefðu getað hindrað eignarnám þess, og virðist eigi unnt að gera ráð fyrir, að sá hafi verið tilgangur löggjafans. Sér dómariinn ekkert því til fyrirstöðu, að hin umbeðna útnefning fari fram, og ákveður að taka útnefningarbeiðnina til greina.

Dómariinn útnefnir þá í réttinum þá: Eggert Konráðsson, hreppstjóra, Haukagili, og Hannes Pálsson, bónda, Undirfelli, sem valinkunna, óvilhalla og þartil hæfa menn, til þess að framkvæma hina umbeðnu virðingu til eignarnáms á lóðarspildum Jóns Sigurðssonar, Enni í Engihlíðarhreppi, svo sem þær eru tilgreindar í gerðarbeiðninni, rjskj. nr. 1. Ber þeim að skrásetja virðingargjörð sína og leysa hana af hendi eftir beztu þekkingu og samvizku, þann veg, að þeir geti staðfest hana með eiði, ef krafizt verður.

Mánudaginn 22. maí 1939.

Nr. 6/1939. **Valdstjórnin** (Theodór B. Lindal)

gegn

Guðmundi Hannessyni sem héraðsdómara í málinu: Réttvísinn gegn Ingibjörgu Jósepsdóttur, Leó Maronsyni og Sölva Valdimarssyni

(Einar B. Guðmundsson).

Endurupptaka opinbers máls til leiðréttingar á ummælum í forsendum hæstaréttardóms.

Dómur hæstaréttar.

Þann 22. október 1937 var í hæstarétti kveðinn upp dómur í málinu: Réttvísinn gegn Ingibjörgu

Jósepsdóttur, Leó Maronssyni og Sölva Valdimarsyni. Héraðsdómarinn í málinu, Guðmundur Hannesson bæjarfógeti á Siglufirði, taldi aðfinnslur í sinn garð í forsendum hæstaréttardómsins óréttmætar og reistar á röngum upplýsingum, er fyrir hæstarétti hefðu legið um málsatvik. Æskti hann endurupp-töku málsins í því skyni að fá þar að lútandi um-mæli í forsendum hæstaréttardómsins leiðrétt. Lagði hæstiréttur til, að leyfð yrði endurupptaka málsins að því leyti sem varðar eftirgreind ummæli í niðurlagi forsendna dómsins: „Loks hafa þau stórfelldu glöp . . . fyrir þessi afbrigði“. Leyfði dómsmálaráðherra síðan samkvæmt 30. gr. laga um hæstarétt nr. 112/1935, að málið yrði að nýju tekið fyrir í hæsta-rétti samkvæmt tillögum hæstaréttar að því er hér-aðsdómarann og valdstjórnina varðar.

Við flutning málsins fyrir hæstarétti þann 20. okt. 1937 skýrði verjandi hinna ákærðu frá því, að samkvæmt upplýsingum, er hann hefði fengið í samtali við skrifstofustjóra dómsmálaráðuneytisins, hefði ákvörðunin um það, að ákærði Leó Maronsson var látinn byrja að taka út refsingu samkvæmt héraðs-dóminum þann 13. ágúst 1936, verið tekin af bæj-arfógetanum á Siglufirði. Í skjölum málsins lá ekk-ert fyrir, er hnekkti þessari frásögn, og varð ekki annað ráðið af þeim, en að bæjarfógetinn hefði gert nefnda ráðstöfun, þar eð dómsmálaráðuneytið hafði þar hvergi nærri komið, enda hafði það ekki fengið héraðsdómsgerðir í sínar hendur fyrr en í desember 1936. Nú hefir það hinsvegar verið upplýst fyrir hæstarétti, að hinn stefndi bæjarfógeti hafi verið all-mjög frá störfum vegna veikinda vorið og sumarið 1936, og að ákvörðunin um fullnustu refsingar Leós Maronssonar hafi verið tekin í samtali fulltrúa

lögreglustjórans í Reykjavík við skrifstofumann á bæjarfógetaskrifstofunni á Siglufirði þann 13. ágúst 1936, en hinn stefndi bæjarfógeti var þá fjarverandi.

Með rannsókn, er fram fór í sambandi við endurupptöku máls þessa, er það upplýst, að stefndur bæjarfógeti hafði fram í nóvember 1936 haldið, af misskilningi, að dómsmálaráðuneytið hefði ákveðið að áfrýja ekki umræddu máli af hálfu hins opinbera. Kveður hann þann misskilning meðal annars hafa valdið drætti þeim, er varð á afgreiðslu héraðsdómsgerða til dómsmálaráðuneytisins. Kveðst hann og hafa fengið vitneskju um fangelsisvist Leós um sama leyti sem hann sendi ráðuneytinu dómsgerðirnar, en ekki vitað, fyrir hvaða brot hann var að taka út refsingu. Enda þótt nefnd mistök hefðu átt sér stað, lét bæjarfógetinn enga greinargerð fylgja málinu til hæstaréttar til afsökunar þeim, eftir því sem efni stóðu til, eins og ráð er fyrir gert í 35. gr. tilsk. 3. júní 1796. En af slíkri greinargerð hefði átt að sjást, að bæjarfógetinn var fjarverandi embætti sínu þann 13. ágúst 1936. Mátti bæjarfógetinn og vita, þar eð hann lét enga greinargerð fylgja málinu til hæstaréttar, að hann myndi sem héraðsdómari sæta vítum fyrir galla á meðferð málsins, eins og boðið er í nefndri 35. gr. tilsk. 3. júní 1796. Þrátt fyrir þessa vanrækslu þykir bæjarfógetinn þó eiga rétt á að það komi fram, að hann hafði ekki sjálfur tekið þá ákvörðun að láta Leó taka út refsingu samkvæmt héraðsdóminum, og á hann því ekki að sæta vítum fyrir þá ráðstöfun. Ber að leiðrétta forsendur hæstaréttardómsins að því leyti.

Allan kostnað við endurupptöku máls þessa fyrir hæstarétti ber að greiða úr rikissjóði, þar á meðal

laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ofangreind ummæli í forsendum hæstaréttardóms í máli þessu frá 22. okt. 1937 leiðréttast eins og að ofan getur.

Allur kostnaður við endurupptöku og rekstur máls þessa fyrir hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Lindal og Einars B. Guðmundssonar, kr. 100.00 til hvors.

Mánudaginn 22. maí 1939.

Nr. 96/1938. **Firmað Bjarni Ólafsson & Co.**

(Theodór B. Lindal)

gegn

H/f Alliance (Jón Ásbjörnsson).

Varadómari prófessor Bjarni Benediktsson
í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Skaðabætur vegna tjóns af árekstri skipa.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem var aðalstefndi og gagnstefnandi í héraði í máli þessu, hefir skotið því til hæstaréttar með stefnu 22. sept. f. á. Hefir hann hér fyrir dómi endurtekið óbreyttar allar þær kröfur, sem hann gerði í héraði og í héraðsdóminum greinir. Loks